


Erró mannlýsingar



Erró

mannlýsingar



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM

Sérstakar þakkir:

til listamannsins Erró fyrir ævarandi vináttu og stuðning

til höfunda texta:

Agnes Bragadóttir, Anders Hansen, Maïten Bouisset, Sylvie Dupuis, Halldór Guðmundsson, Laufey Helgadóttir, Matthías Johannessen, Jean-Jacques Lebel, Pierre Nahon, Samy Odin, Philippe Piguet, Jean-Louis Pradel, Sjón, Anne Tronche, Þorvaldur Þorsteinsson.

og til allra sem hafa veitt aðstoð:

Emma Abadi, Ana Albuquerque Antunes, Hervé Bordas, Magali Borsum, Laurence Bossé, Marina-Christine Coïdan, Inês Marcelo Curto, Dagný Heiðdal, Catherine Guizzardí, Gunnar Dungal, Gunnar B. Kvaran, Jon Hendricks, Ingibjörg Bergmundsdóttir, Virginie Jean, Agnès Nicolai-Skinner, Felicitas Martinez Pozuelo, Nathalie Pradel, Laurent Schwarz, Sigurbjörg Eðvarðsdóttir, Sigurður Pálsson, Maud Simonnot, Hanne Beate Ueland, Þórdís Alda Sigurðardóttir.

Ennfremur fá Björn Valdimarsson, hönnuður á Næst, allt starfsfólk Listasafns Reykjavíkur, einkum og sér í lagi Helga Lára Þorsteinsdóttir, deildarstjóri safnadeildar og Yean Fee Quay, deildarstjóri sýningardeildar þakkir.

Erró – mannlýsingar

Bókaútgáfan Opna og Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík 2009

Öll réttindi áskilin.

Bók þessi kemur út í tilefni af sýningunni *Erró – mannlýsingar* í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, 28.mai 2009 til 29. ágúst 2010.
Sýningarstjóri: Danielle Kvaran

Texti: © höfundar einstakra greina
Myndir: © Erró og söfn sem nefnd eru í myndatextum
Íslensk þýðing: © Sigurður Pálsson
Ritstjórn bókarinnar og val mynda : Danielle Kvaran

Hönnun og umbrot: Næst (naest.is)
Mynd á kápu: Erró, *Expressionist Portraits*, 1992
Prentun: Prentsmiðjan Oddi, Reykjavík

ISBN: 978-9935-10-019-1

opna.is – listasafnreykjavikur.is

Efnisyfirlit

Formáli – Halþór Yngvason	6
Erró eða portrettmyndin sem endurómun – Danielle Kvaran	8
Saga og stjórnmál	23
England expects that every man will do his duty – Þorvaldur Þorsteinsson	24
Elisabet 1. – Matthias Johannessen	31
Myndlist	37
Erró og Escher – Laufey Helgadóttir	38
Ævi Rubens – Erró	44
Bókmenntir	49
Figúra í frásögn annars manns: Erró og Halldór Laxness – Halldór Guðmundsson	50
Edgar Allan Poe – Erró	54
Tónlist	61
Kontrapunktur	62
Tónlistarviðátta	69
Tækni og vísindi	75
Hugleiðing um myndröð Errós „Les Savants“ – Sjón	76
Af frásagnarmyndskáldinu Erró – Laufey Helgadóttir	81
Skrímsli	85
Skrímslagallerí – Danielle Kvaran	86
Japönsk ástarbréf	101
Japönsku ástarbréf – Philippe Piguat	102
Geimfarar	109
Geimferðaáætlunin – Erró	110
Konur frá Norður Afríku	121
Erró: Fagarar konur frá Norður-Afríku – Jean-Louis Pradel	122
Dúkkur	135
Portrettmyndir af brúðum – Samy Odin	136
Kvikmynduð andlit	147
Erró-ískar tilraunakvikmyndir – Danièle Hibon	148
Timaröð	153
Stiklað á stóru, 1989-2009 – Danielle Kvaran	154

Formáli

Fyrir réttum tuttugu árum færði Erró Reykjavíkurborg stóra listaverkagjöf sem Listasafn Reykjavíkur varðveitir og sýnir reglulega í Hafnarhúsi. Í þessu safni, sem nú telur vel á fjórða þúsund verka, má finna olíumálverk, vatnslitamyndir og þekjulitamyndir, grafík, teikningar og klippimyndir. „Fyrstu verkin gerði hann 10 ára gamall og síðan rekja þau sig í gegnum árin, gegnum tíðina, gegnum stefnurnar, gegnum hverja syrpu verka hans,“ eins og bent var á í Morgunblaðinu þegar gjöfin var kynnt. Safnið dregur því upp margþætta mynd af ferli listamannsins en í því má líka finna hráefni í ólíkar klippimyndir af manninum bak við verkin, því auk listaverkanna færði Erró borginni bréfasafn sitt, dagbækur, skissubækur, rissblöð, ljósmyndir, plaköt, póstkort, jólakort, símskeyti, kvittanir, veggspjöld, blaðaúrklippur, myndbönd, sýningarsskrár, greinar og bækur. Þetta mikla skjalasafn er ómetanleg heimild um menningarsögu Evrópu á 20. öldinni því Erró hefur verið þátttakandi í listalífi meginlandsins í meira en hálfa öld og náinn félagi margra af helstu menningarfrömuðum þess tíma.

Í portrettmyndum sínum notar Erró ótal aðferðir, en þar koma gjarnan fyrir mynda- og textabrot úr dagbókum og öðrum heimildum svipuðum þeim sem fyrirfinnast í Errósafni Listasafns Reykjavíkur. Hann er óþreytandi safnari heimilda og sankar að sér „óheyrilegu magni af myndefni“, eins og Danielle Kvaran hefur eftir honum í inngangi sínum. Klippimyndir hans verða því gjarnan margþætta portrettmyndir, hvort sem viðfangsefnið er einstaklingur eða þema úr mannkynssögunni eða poppmenningu okkar tíma. Eins og Danielle segir í innganginum hefur Erró ekki að ósekju verið líkt við fréttaritari, frásagnamann, sagnfræðing, fornleifafræðing, þjóðfræðing, félagsfræðing, skjalavörð, heimilifræðing og sjálfsagt fleiri starfsstéttir.

Franska skáldið Charles Baudelaire líkti ljóðskáldum við skransala sem safna því sem þeir finna við vegakantinn, flokka það og skrá. Þannig sá menningarfræðingurinn Walter Benjamin einnig sitt starf. Hann sankaði að sér notuðum hlutum, pappírssnífum, umslögum, úreltum auglýsingum, gömlum lyfseðlum, lestarmiðum og öðrum forgengilegum hlutum til minnis um liðinn tíma. Minnisbækur hans eru endalausar samklippur tilvitnana, rétt eins og klippiverk Errós. Og þannig má vissulega líta á Erró sem menningarsagnfræðing í anda Benjamins, sem safnar gögnum úr glatkistu sögunnar og umbreytir þeim í ljóð eins og skransafnari Baudelaire. Að þessu leyti á Erró samleið með sífellt stækkandi hópi samtímalistamanna

sem vinna með skjalasöfn, allt frá Marcel Broodthaers til Christian Boltanskis. Þótt hann virðist annars eiga fátt sammerkt með þeim eru verk hans eins og þeirra vitnisburður um það margþætta samfélag sem við hrærumst í.

Þessi bók er gefin út í tilefni af tuttugu ára afmæli listaverkagjafar Errós og fylgir sýningunni *Erró – Mannljósingar* í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi (28. maí 2009 til 29. ágúst 2010).

Frá stofnun þess 1989 hefur Errósafnið vaxið gríðarlega því Erró hefur af sínu alkunna örlæti bætt bæði við listaverkum og ýmiss konar gögnum. Í heimakynnum safnsins í Hafnarhúsi er ávallt að finna sýningar á verkum Errós þar sem leitast er við að kynna ólíkar áherslur og þætti í listsköpun hans. Errósafnið hefur einnig staðið að ýmsum rannsóknum og samvinnuverkefnum um útgáfu á bókum um list Errós. Þessi bók og sýningin sem hún er byggð á eru afrakstur mikillar rannsóknarvinnu Danielle Kvaran, sem er fyrst til að þjóna sérstakri rannsóknarstöðu sem var stofnuð við safnið í tilefni af afmælinu. Ég vil þakka Gunnari Dungal og Þórdísi Öldu Sigurðardóttur fyrir rausnarlegt framlag sem gerir bæði verkefnið að veruleika og ég þakka Sigurði Svavarssyni og Guðrúnu Magnúsdóttur hjá Bókaútgáfunni Opnu fyrir góða samvinnu. Síðast en ekki síst þakka ég Erró sjálfum fyrir örlæti sitt og tryggð við Listasafn Reykjavíkur.

Hafþór Yngvason
Safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

Erró eða portrettmyndin sem endurómun

Danielle Kvaran

„Grundvöllur málaralistarinnar hefur alltaf verið að nota línur til þess að koma til skila útlinum af skugga manneskju.“

Þannig komst Plíníus gamli (1. öld e. Kr.) að orði í 35. kafla *Náttúrusögu* sinnar. Með því tengir hann tilurð sjónlista við fyrstu portrettmyndina og styðst við ákveðna þjóðsögn. Kvöld eitt fékk dóttir leirkerasmiðsins Butadess kærasta sinn í heimsókn, en hann var að leggja upp í langferð. Hana langaði að eiga eitthvað nærtækt til minningar um hann. Hún tók kolamola og teiknaði útlínur unga mannsins sem lampaljós varpaði á vegg.

Þessi saga sýnir vel hvað það var sem gerði portrettmyndina svona mikilvæga í vestrænni siðmenningu, semsé möguleikarnir að líkja eftir og geyma minningar um ákveðnar persónur og vinna gegn gleyskunni. Portrettmyndin kemur við sögu mjög víða í listasögunni í alls kyns birtingarformum, allt frá skúlptúrum til ljósmynda, myndbanda og málverka, enda þótt ekki hafi alltaf verið hirt um nákvæmar eftirlíkingar. Portrettmyndir af einstaklingum, af tveim persónum saman, portrettmyndir af hjónum, fjölskyldum, hópmyndir, viðhafnarmyndir, einkamyndir, líkinga- og táknrænar myndir, mannamyndaskreytingar, afbakaðar myndir, raunsæjar myndir, sálfræðilegar myndir, skopstælingar, fantasiur, sjálfsmyndir. Þessi upptalning er vísvitandi ekki tæmandi en samt gefur hún hugmynd um hvað hin listræna fjölbreytni er mikil á þessu sviði.

Árið 1984 sagði Erró í viðtali: „Í næstum öllum málverkum mínum er saga einhvers, saga persónu, hlutar eða vélar.“¹

Og rétt er það, í því mikla samsafni af mannverum sem sýndar eru í verkum listamannsins er umtalsverður hluti portrettmyndir. Á mótunarárum hans voru þær í mismunandi stíltegundum og unnar með ýmis konar tækni. Hann lagði síðan portrettmyndir til hliðar frá árinu 1959 þegar hann tók til við að bræða saman áhrif frá dadaisma, súrrealisma og popplist og byrjaði að mála klippimyndir, ýmist með því að gera málaða eftirmynd

1 Jean-Jacques Lebel, „Erró dans la tempête“, *Erró 1974-1986. Catalogue général*, Fernand Hazan, Paris, 1986, bls. 7.

af ljósmynd fyrir ljósmynd, en oftast þó með því að gera fyrst klippimynd og mála svo eftir henni.² Erró sótti myndefni sitt í tímarit og aðra fjölmiðla og hóf að endurvinna myndir af rauverulegu fólki eða ímynduðum persónum, frægu fólki eða óþekktu og setti myndirnar í nýtt samhengi, oft fantasíur sem byggja á samspili atriða sem eru ósamstæð og eiga ekki sameiginlegan bakgrunn og uppruna, hvorki í rými eða tíma. Í kvikmyndunum er áþekkt samsetningaraðferð, fyrstu portrettmyndir teknaar með kvikmyndavélinni og síðan skeytt saman röð af andlitum alþjóðlegra listamanna í *Grimaces* (Grettur, 1964-1967) eða þá, að saman er sett runa af kvikmynduðum úrklippumyndum eins og í *Stars* (Stjörnur, 1966-1967).

Þessi afmælissýning í Hafnarhúsinu er haldin í tilefni þess að tuttugu ár eru liðin frá því að Erró gaf Reykjavíkurborg mikilvægt safn verka sinna og skjala. Á þessari sýningu gefur að líta meðal annars nokkrar af þessum portrettmyndum sem eru „myndir af myndum“. Annars eru verkin á sýningunni (kvikmyndir, málverk, alþrykk, klippimyndir, emaleruð verk) unnin á árunum 1963 til 2007. Þau koma annars vegar úr Errósafni Listasafns Reykjavíkur og hins vegar frá listamanninum sjálfum. Flest þeirra snúast um einstaklinga sem hafa verið til í raunveruleikanum.³ Þannig eru margar myndasýrpur í aðalrými safnsins sem tengjast fimm heildartemum: stjórnámum, myndlist, bókmenntum, tónlist og vísindum. Auk þess er lögð sérstök áhersla á fimm málverkasýrpur, þær fá hver sinn salinn í safninu, þetta eru sýrurnar *Les Monstres* (Skrímshlin), *Les Lettres d'amour japonaises* (Japönsk ástarbréf), *Les Cosmonautes* (Geimfararnir), *Les Nord-Africaines* (Norður-afrísku stúlkurnar) og *Les Poupées* (Brúðurnar). Þrjár kvikmyndir eftir Erró fullkomna síðan þetta yfirlit yfir portrettmyndagerð hans, myndirnar *Mary Monster* (Mary skrímsli), *Stars* (Stjörnur) og *Faces* (Andlit).

Í myndunum á þessari sýningu opinberast hvað Erró innleiddi mikið frjálsræði í gerð portrettmynda. Í verkum hans er ómögulegt að flokka portrettmyndir niður og draga þær í dilka. Það reynist erfitt að skilgreina þær samkvæmt þeim venjubundnu aðferðum sem notaðar eru í lýsingum á portrettum hefðarinnar. Þannig passar það engan veginn að tala um tvöfalt portrett til þess að lýsa myndum þar sem önnur persónan í myndinni er notuð sem líking eða myndlíking við aðalmyndefnið. Sömuleiðis nægir það engan veginn að tala bara um „hópmynd“ þegar gera á grein fyrir safnmyndum eins og „scapes“-myndunum (viðáttumyndum) þar sem ýmis

2 Nokkrar portrettmyndir eru til frá árunum 1961 til 1963, sem eru nokkurs konar millistígsmyndir, gerðar eftir ljósmynduðum prófilum sem listamaðurinn fyllti af expressjóniskum manngervingum, dæmigerðum fyrir málaraalist hans á þessum árum.

3 Portrett af uppdiktuðum persónum úr teiknimyndum (Mikki mús, Silver Surfer, Rauða Sonja ...) eru ekki tekin með í þessari sýningu.

konar persónum, sem í þokkabók eru löngu látnar, er raðað saman. Hvernig er til dæmis hægt að skilgreina þessi málverk af rithöfundum þar sem ýmsum myndum er raðað kringum aðalpersónuna sem sýnd er á mismunandi æviskeiðum. Auk þess er ljósmyndum af ættingjum bætt inn í, þess utan eru tengingar við þjóðfélagslegt og sögulegt samhengi og það sem höfundurinn hefur gert. Allt þetta minnir í raun á aðferðir í ævisögum rithöfunda. Hvernig ætti að flokka þessar sérstöku portrettmyndir til dæmis af geimförunum, þar sem raunverulegar persónur eru sýndar í algjörlega uppdiktuðum kringumstæðum. Eða þá þessi portrett af brúðum, manngerðar myndir af hinu mannlega, tómar skeljar sem eru samt holdgervingar fagurfræðilegra fyrirmynda og hátternis en listamaðurinn finnur í þeim ýmsa þræði úr sögu sem er skálduð og tengist persónum sem eru ýmist með á myndinni eða ekki.

Mannlýsingar Errós sprengja ramma allra skilgreininga og uppröðunar. Þær eru mismunandi stórar, ólíkar að myndskrift, tóni og byggingu, þær gera ýmist að upphelja persónu fyrirmyndarinnar eða gagnrýna, ellegar nálgast þær viðfangsefnið á hlutlausan hátt, nánast eins og heimildarmyndir, stundum hins vegar með pólitískari hætti og beita þá íróni, skopstælingu, satíru og myndskáldskap. Portrettmyndirnar geta ýmist verið byggðar á tveimur, þremur, fjórum aðalmyndum eða myndbrotum eða miklu fleiri og þessar myndir geta verið í sama stíl eða alls ekki. En þær eiga það sameiginlegt, að endurskrifa sögur, bæði einstaklinga og samfélagslegar sögur, með því að nota myndir sem eru þegar til en setja þær í nýtt samhengi. Ennfremur, að taka sér stöðu á landamærum skáldskapar og raunveruleika og koma af stað samspili þeirra með samsetningum og klippitækni sem virkjar ímyndunaraflíð og frásagnarlistina. Hversu flóknar sem þessar myndir kunna að vera að formi, þá er ómögulegt fyrir áhorfandann að skoða þær á óvirkan hátt. Áhorfandinn verður að búa til sína eigin sjónrænu leið gegnum myndirnar með því að styðjast við minni sitt og hugarflug og túlka þær þannig á sinn persónulega máta. Hans hlutverk er að loka sviga sem málariinn opnaði.

„Nútímamálari getur ekki látið eins og ekkert hafi verið til á undan honum. Allt, gjörsamlega allt, hefur þegar verið ljósmyndað, kvikmyndað, teiknað. Hvers vegna ætti þá að búa til nýjar myndir enn og aftur? [...] Allar myndir eru áhugaverðar, hvort sem þær eru pólitískar, samfélagslegar, sögulegar, visindalegar, menningarlegar eða erótískar, hvort sem um er að ræða teiknimyndasögur,

skrípamyndir, eftirprentanir, veggspjöld, allt, svo fremi það sé prentað. [...] Hráefnið sem ég vinn með getur verið hvað sem er og komið hvaðan sem er.“ (Erró)⁴

Eins og öll önnur málverk Errós byggja portrettmyndir hans á myndahráefni sem er afar fjölbreytilegt og ættað héðan og þaðan. Stundum nægir ein mynduppspretta til þess að skapa nýtt verk, stundum eru þær margar. Myndefni finnur hann stundum fyrir algera tilviljun, eins og myndirnar sem liggja til grundvallar syrþunni *Ecce Homo* (1968), en málarinn keypti bókina *Ecce Homo* eftir Georges Grosz hjá fornbókasala í New York og þaðan er megnið af myndahráefninu komið. Stundum finnst myndefni eftir skipulagða leit (með öðrum orðum fyrir skipulagða tilviljun), til dæmis í skjalasafni Vísindamiðstöðvarinnar (Cité des Sciences de la Villette) í París þegar myndverkin *Savants* (Vísindamenn) og *Grands Ingénieurs* (Mikils háttar verkfræðingar) voru í undirbúningi.

Þannig eru *La Vie de Rubens* (Ævi Rubens) og aðrar myndir í syrþunni *Vies de Peintres* (Ævir málara) byggðar á myndskreytingum Martins Aitchison í *Great artists* (Miklir listamenn, 1977), bókum sem Dorothy Aitchison skrifaði fyrir börn og Erró fann í Bangkok. Gömul myndskreytt bók með eftirprentunum og portrettmyndum, keypt hjá fornsala í Tókió, varð upphafið að syrþunni *Lettres d'amour japonaises* (Japönsk ástarbréf, 1979-1980). Verk Franks Withford, *Expressionist Portraits* (Expressjónískar portrettmyndir), fengin í þýsku listasafni, sá málaranum fyrir öllu myndhráefni fyrir syrþuna *Portraits expressionistes* (Expressjónískar portrettmyndir, 1992). Megnið af myndunum sem notaðar voru í syrþunni *Poètes* (Skáld, 1977-1978) er fengið úr ævisagnasyrþu sem Enzo Orlandi ritstýrði, *Les Géants de la littérature* (Risar bókmenntanna). Myndirnar fyrir syrþuna *Contrepoints* (Kontrapunktur, 1978-1983) koma að mestu leyti úr verki Lionels Salter, *The illustrated Encyclopedia of Classical Music, A guide to composers and recommended recordings* (Myndskreytt alfræðibók um klassíska tónlist. Leiðarvísir um tónskáld og upptökur). Flestar myndir af söngvurum í *Music Scape* (Tónlistarviðáttu, 1996) koma úr verki Jean-Claude Klein, *La Chanson à l'affiche. Histoire de la chanson française du café-concert à nos jours* (Sögu franskra sönglaga, frá dögum kaffihúsakonserta til vorra daga).

Erró hefur notað alls konar prentað efni, sem ekki er í bókarformi, sem myndahráefni í list sína. Fyrstu myndirnar fyrir syrþuna *Tableaux chinois*

4 Tilvitnanir í Erró við upphaf hvers kapitula þessarar greinar eru ekki teknar úr neinum ákveðnum útgefnum texta því þær koma aftur og aftur fyrir í skrifum blaðamanna eða listamannsins sjálfs á öllum ferlinum. Listamaðurinn sjálfur, sem er sérfræðingur í sjálfstílvitnunum (tilbrígi við textaklipp), notar endalaust búta úr eldri textum í eigin skrifum og svörum við spurningum listfræðinga.

(Kínversk málverk, 1972-1974) eru til dæmis fengnar í safni af kínverskum áróðursveggspjöldum sem hann fann í kastala í úthverfi Parísar. Ljósmyndir af brúðum, notaðar í myndskreytt almanök, lögðu grunninn að mörgum málverkum í brúðusyrpunni. Mynd á svissnesku almanaki þjónaði hlutverki bakgrunns í málverkinu *Stravinski* (1974). Póstkort frá nýlendutímanum, sem málarinn fann flestöll á flóamarkaðinum í Montreuil, notaði hann sem hráefni í margar myndanna í syrpunni um norður-afriskar konur. Loks má geta sovéska grínblaðsins *Krokodil* og hins ameríska *Mad Magazine*, en myndir úr hinu fyrrnefnda lögðu grunn að *Goya's trip to Moscow* (Heimsókn Goya til Moskvu, 1978) og myndir úr því síðarnefnda voru aðaluppistaðan í verkinu *Our Vincent* (Vincent okkar, 1962-1964). Einnig verður að minnast á *The Time Magazine* en þaðan er komið ýmislegt myndefni svo sem portrettmyndin af sjimpansanum Ham fyrir *Ham* (1974), myndin af Vo Nguyèn Giap fyrir *Le Général Giap* (Giap hershöfðingi, 1974), myndin af Lee Harvey Oswald fyrir samnefnt málverk frá 1978, einnig til dæmis myndin af sirkusdýrum sem gera innrás í borg í málverkinu *Count Basie* (1978).

„Ég er alltaf að svipast um eftir myndum, heimildum, tímaritum, sýningarskrám og myndskreyttum alfræðibókum. Ég þarf á kraftmiklu myndahráefni að halda og á ferðalögum mínum grandskóða ég fornbókaverslanir og blaðasölu. Ég sanki að mér óheyrilegu magni af myndefni og þegar ég hef safnað nægilega miklu sem tengist ákveðnu tema, þá get ég sett í gang nýja syrpu. Ferlið felst síðan í því að velja myndir og „gefa þær saman“, búa til klippimyndir og mála síðan málverkin eftir þeim. [...] Það eru einhvers konar lögmál sem stjórna því að syrpur verða til þegar myndir hafa fundið sér mótspilara. Þannig leita ég oft langalengi að myndum sem vantar til þess að aðrar myndir sem ég á til á lager öðlist líf. Til þess að virkja samspil mynda verð ég að finna fyrir möguleikanum á spennu milli þeirra. Stundum er samhljómur þeirra fölginn í kraftinum í samslættinum. [...] Ég fann upp á þessu syrpuþyrirkomulagi vegna þess að það auðveldaði mér vinnuna og tilbrigið við tema gerðu það að verkum, að ég gat notað eins mikið af myndahráefni og hugsast gat. [...] Nafnið á hverri syrpu segir ákveðna sögu.“ (Erró)

Erró er „hrifinn af portrettmyndum“⁵ og enda þótt þessi grein myndlistar sé ekki fyrirferðarmikil í sumum syrpum hans, þá eru aðrar þar sem þær leika algjörlega aðalhlutverkið. Þær heita til dæmis einfaldlega *Portrait(s)*, *Portrettmynd(ir)*, og heiti hverrar myndar segir til um fjölda portretta í hverju málverki: *Trois portraits*, *Cinq portraits*, Þrjú portrett, Fimm portrett; sérkenni þeirra: *Le Portrait professionnel*, *Strange Portraits*, *Portrettmyndir af*

5 Alain Jouffroy í *Rencontre avec Erró, un pêcheur d'images* (Kynni af myndaveiðimanninum Erró), kvikmynd sem Jean-Pierre Noury gerði, Production SP 35, París, febrúar 2000.

atvinnugreinum. Furðuleg portrett; eða fyrirmyndir: *Les Portraits de cosmonautes*, *Portraits de poupées*, Portrettmyndir af geimföllum, Portrettmyndir af brúðum. En stundum getur nafn syrpunnar sagt til um það sem sameinar einstaklingana á myndunum: *Les Peintres et leurs modèles*, *Les Poètes*, *Les Savants* (Málararnir og fyrirsætur þeirra, Skáldin, Vísindamennirnir), ellegar nafnið segir ekkert um það. Titlar segja sumir til um staðinn þar sem málverkin voru unnin (*Soi Sip Song Bangkok*), hver pantaði þau (*Série pour les six villes I.A.P.I.F.*, Syrpa fyrir sex borgir I.A.P.I.F.), uppruna persónanna á myndunum (*Ouled Nail*), sögulegt tímabil (*La Chine impériale*, Kína keisarátímans) o.s.frv. Stundum er gamansöm tvíræðni í titlinum eins og í *Pope-Art*, Páfa(popp)list, 1965, þar sem saman er slegið páfalist og popplis, ellegar í *Faces from before* (Andlit frá því áður, 1989) sem vísar bæði til fortíðarinnar (Maó, kínverski mandarininn) og jafnframt í flestum málverkunum einnig til fyrri verka málarans sem hann býður nú upp á í nýrri gerð.

Málverkasyrpu er lokið þegar málarinn er búinn að gjörnýta myndahráefnið sm hann hefur dregið að sér eða þegar hann sér fyrir sér nýja syrpu. Stundum tekur hann aftur til við eldri syrpu og klárar hana nokkrum árum síðar, þegar hann rekst fyrir tilviljun á „hagstæðar“ myndir sem kveikja löngun hans til að taka upp þráðinn að nýju (t.d. Geimfarasyrpan, Brúðuportrettin og syrpan með norður-afriksku konunum). Oft eru sum málverk fyrirrennarar syrpuna, til dæmis málverkið *Beethoven* (syrpan *Le Portrait professionnel*, Portrettmyndir af atvinnugreinum, 1969) en í kjölfarið komu síðan Wagner og Stravinski (syrpan *Soi Sip Song Bangkok*, 1974) sem undirbjuggu jarðveginn fyrir syrpuna *Contrepoints* (Kontrapunktur, 1978-1983) sem er helguð sígildum tónskáldum. Á sama hátt er serían *Four Cities* (Fjórar borgir, 1972) fyrirboði syrpunnar *Tableaux chinois* (Kínversk málverk, 1974).

„Það er ekki eitt einasta málverka minna (nema þau alfyrstu) sem ekki er byggt á klippimynd. [...] Að búa til klippimyndina er frjálfsasti og mest spennandi hluti vinnunnar, þetta er næstum því eins og ósjálfráð skrift. Þarna finn ég flestar formtengdar lausnir á því að fylla myndrýmið. Klippimyndin er bæði frummynd og fyrirmynd. Þegar ég byrja á málverki er ég oftast búinn að gera klippimynd í litlum skala, sem leiðbeinir mér þegar ég set saman öll atriðin sem málverkið samanstendur af. [...] Taka á móti flæði myndanna, án þess að óttast þær, án þess að bera virðingu fyrir þeim. Samansafn og myndbreytingar. [...] Ef vantar sveiflu í myndina, þá bæti ég inn atriðum, alveg þangað til málverkið vaknar til lífsins.“
(Errò)

Erró – Mannlýsingar er gefin út í tilefni af 20 ára afmæli listaverkagjafar Errós og fylgir samnefndri sýningu í Listasafni Reykjavíkur. Safn Errós er gríðarlegt að vöxtum og dregur upp margþætta mynd af ferli listamannsins.

Í þessari bók er dvalist við mannlýsingar Errós. Í portrettmyndum sínum notar hann ótal aðferðir, en þar koma gjarnan fyrir mynda- og textabrot úr dagbókum og öðrum heimildum, enda er listamaðurinn óþreytandi safnari gagna.

Mannlýsingar hans eru því íðulega margþætta portrettmyndir, hvort sem hann fæst við einstaklinga eða þemu úr mannkynssögunni eða poppmeningunni. Danielle Kvaran bendir á að vinnubrögðum Errós hafi réttilega verið líkt við fréttaritara, sagnamann, sagnfræðing, fornleifafræðing, þjóðfræðing, félagsfræðing, skjalavörð, heimildafræðing og jafnvel enn fleiri starfsstéttir. Útkoman er heillandi heimur og samsettar myndir sem unun er að rýna í og njóta.

Danielle Kvaran ritstýrði verkinu og valdi myndefnið. Hún samdi líka ítarlegan inngang um mann lýsingar listamannsins og leitaði til margra höfunda sem fjalla um einstök verk Errós.

Bókin er gefin út í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur.



ISBN: 978-9935-10-019-1



9 789935 100191